


# Hraðúttekt

Hraðúttektir Ríkisendurskoðunar eru upplýsandi og staðreyndamiðaðar skýrslur sem gefa þingi, stjórnarsýslu, almenningi, fjölmiðlum og fyrirtækjum greinargóðar upplýsingar um tiltekin mál eða málefni sem erindi eiga við samfélagslega umræðu.

Hraðúttektir eru að jafnaði ekki matskenndar. Niðurstöður og ábendingar eru almennt ekki settar fram, en þó gæti komið til þess í einhverjum tilfellum. Skýrt er frá staðreyndum og þær settar fram með hætti sem aðstoðar lesandann við að átta sig á stöðu viðkomandi málefnis. Markmiðið er að veita skýrar og áreiðanlegar upplýsingar með skjóttum hætti.



## Hraðúttektir Ríkisendurskoðunar eru:



Úttektarefni er valið á þeim forsendum að það eigi erindi við samtímann, falli vel að samfélagslegri umræðu og að upplýsingarnar og framsetning þeirra hafi virði fyrir lesendur. Úttektarefnið er skýrt og vel afmarkað. Það þarf að falla vel að þeim tímaramma sem miðað er við og gefst því t.d. almennt ekki tími til að gera kannanir eða funda með mörgum aðilum þegar um slíka skoðun er að ræða.

Hraðúttektir taka að jafnaði um 12-16 vikur í vinnslu, þ.e. frá upphafi úttektar til útgáfu og eru skýrslurnar stuttar og skýrar. Góð samvinna við úttektarþola og aðra þá er koma að verkefninu er forsenda þess að unnt sé að ljúka því innan tímamarka. Er því leitast eftir skjóttum svörum og greiðum aðgangi að gögnum auk þess sem umsagnarferlið er stutt.



Öll vinna byggir á verkferli um hraðúttektir og þeim stöðlum sem Ríkisendurskoðun vinnur eftir. Þrátt fyrir styttri vinnslutíma en í hefðbundnum stjórnarsýsluúttektum eru gerðar sömu gæðakröfur og við aðra vinnu Ríkisendurskoðunar. Hraðúttektir eru viðbót við aðrar úttektir Ríkisendurskoðunar og liður í að rækja hlutverk embættisins. Þær koma ekki í staðinn fyrir stjórnarsýsluúttektir eða fjárhagsendurskoðun en geta engu að síður komið inn á hvoru tveggja.

## Hafa samband

Ef spurningar vakna varðandi hraðúttektir Ríkisendurskoðunar eða aðra starfsemi stofnunarinnar, hafið þá vinsamlegast samband við sviðsstjóra stjórnarsýslu- og lögfræðisviðs, Jarþrúði Hönnu Jóhannsdóttur:

☎ 448 8830

✉ [jarthrudur.hanna.johannsdottir@rikisendurskodun.is](mailto:jarthrudur.hanna.johannsdottir@rikisendurskodun.is)